

Kjósarhreppur
Pálmar Halldórsson
Ásgarði Kjós
276 Mosfellsbær

Garðabær, 24. júlí 2024
Málsnúmer: 202406-0036
IAS

Efni: Umsögn um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017-2029 og nýtt deiliskipulag.

Við er í tölvubréf frá Kjósarhreppi sem barst gegnum Skipulagsgátt þann 17. júní 2024. Þar er óskað eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Kjósarhrepps 2017-2029. Jafnframt nær þessi umsögn til máls nr. 258/2023 á skipulagsgátt: „Skipulagslýsing Eyri-Kjós í Hvalfirði. – Deiliskipulag Eyri 48 lóðir.“ sem Náttúrufræðistofnun fékk ekki sent til umsagnar.

Náttúrufræðistofnun vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Stefnt er að því að fjölga lóðum í íbúðarbyggðinni ÍB8 í landi Eyrar með því að fjölga lóðum neðan við Hvalfjarðarveg og taka nýtt land ofan Hvalfjarðarvegur undir íbúðabyggð. Eins og fram kemur í greinargerð aðalskipulagstillögunnar mun þetta fela í sér umtalsverða röskun á lítt snortnu landi sem að stórum hluta er votlendi sem nýtur verndar samkvæmt ákvæðum 61. greinar laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og ber að forðast að raska því nema brýna nauðsyn beri til.

Þessi áform fara gegn ákvæði í breyttu skipulagi fyrir reit I8 en þar kemur fram að: „Forðast skal að raska votlendi.“ Í greinargerð deiliskipulags, lið 2.5 Votlendi, segir: „Haldið skal í votlendisbletti á landinu og græn svæði hafa verið staðsett í nálægð við þau, votlendi við læki og í skorningum er viðhaldið. Finnist óraskaðir votlendisblettir á lóð skal forðast að raska þeim.“ Ekkert er fjallað um það hvernig þetta verður framkvæmt eða fylgt eftir.

Umhverfisáhrif af þessum breytingum eru í greinargerðinni með aðalskipulaginu metin neikvæð fyrir gróður og vistkerfi. Undir það tekur Náttúrufræðistofnun og telur að betri rökstuðning þurfi fyrir því hvers vegna þetta svæði hefur verið valið fyrir svo mikla uppbyggingu þegar það mun leiða af sér verulega röskun á votlendi undir sérstakri verndun. Lítt raskað votlendi hefur mjög hátt verndargildi vegna kolefnisbindingar auk þess sem mýrar gegna mikilvægri vistkerfisþjónustu. Með framkvæmdum sem t.d. breyta jarðvatnsstöðu eða losa um jarðveg mýranna mun kolefni losna út í andrúmsloftið með tilheyrandi neikvæðum umhverfisáhrifum. Á tímum loftslagsbreytinga ætti skipulag byggðar að taka ríkt tillit til votlendis.

Þá er ekkert fjallað um nauðsynlegar mótvægisáðgerðir til að vega á móti þessari röskun. Tækifæri eru fyrir endurheimt votlendis í sveitarfélaginu og ætti tvímælalaust að skilgreina og framkvæma endurheimt til jafns við það votlendi sem tapast ef af þessum áformum verður.



Ekkert er heldur fjallað um hvernig aðalskipulagsbreytingin og deiliskipulagið getur haft áhrif á fuglalíf. Vistgerðirnar sem verða fyrir röskun eru þekkt kjörlendi fyrir ýmsar fuglategundir, þ.m.t. ábyrgðartegundir Íslands s.s. vaðfuglategundir. Þá liggur skipulagssvæðið upp að mikilvægu fuglasvæði sem er Hvalfjörður og leggja þarf mat á hvernig stækkun íbúðabygðar og aukin starfsemi og umferð á svæðinu getur haft áhrif á fuglalíf á strandsvæðum. Bæta þarf umfjöllun um áhrif skipulagstillögunnar og deiliskipulagsins á fuglalíf.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt á frekari athugasemdum síðar eins og kostur er.

Virðingarfyllst,



Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

